

Ályktun um afnám tekjutengingu bóta við laun maka

Ársfundur Alþýðusambands Íslands 2006 skorar á Alþingi að afnema tekjutengingu bóta almannatrygginga við laun maka.

Greinargerð:

Í dag er réttur einstaklinga til bóta almannatrygginga að nokkru leyti háður tekjum maka. Í þessu felst gróft misrétti gagnvart viðkomandi einstaklingum. Það er óviðeigandi að öryrkjar og ellilífeyrisþegar séu þannig gerðir háðir mökum sínum um framfærslu.